



Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stöðvarfirði

Guðný Zoëga

Rannsóknarskýrslur 2024/2

Forsíðumynd: Horft til norðvesturs yfir Kirkjubólstorfuna, nú Stöðvarfjörð.

© Guðný Zoëga.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Tilgangur fornleifaskráningar	3
Aðferðafræði	4
Lýsing á skráningarsvæðinu	5
Ágrip af sögu Kirkjubólshóls	6
Fornleifaskrá	8
Minjar sem enn eru til staðar	8
Minjar á loftmynd frá 1957 – svæðið innan við Innri-Einarsstaðaá	17
Hús sem eru horfin en stóðu enn 1957	20
Minjar á loftmynd frá 1957 – svæðið milli Einarsstaðaánna	21
Hús sem eru horfin en stóðu enn 1957	26
Samantekt	28
Minjar sem enn eru til staðar	28
Hættumat	29
Lokaorð	30
Heimildaskrá	31

Inngangur

Að beiðni Fjarðabyggðar voru fornleifar skráðar innan deiliskipulagssvæðis í þéttbýlinu í Stöðvarfirði (sjá mynd 1). Svæðið sem skráð var nær yfir hluta lands býlisins Kirkjubóls og hjáleignanna Bakkagerðis og Einarsstaða auk afbýlanna Grundar (Borgar) og Hóls. Yfirlitstekning af svæðinu er aftast í skýrslu. Guðný Zoëga, fornleifafræðingur, sá um skráningu, úrvinnslu og skýrsluskrif en Bryndís Zoëga las skýrsluna yfir og hnitsetti eldri loftmyndir. Þrjár minjar í skýrslunni voru áður skráðar 2023 og eru eldri númer úr þeirri skýrslu höfð með í fornleifaskránni.¹

Tengiliður við verkkaupa: Aron Leví Beck

Upplýsingar veittu eftirtaldir heimildamenn:

Oddur Guðjónsson, Ásgarði

Hrafn Baldursson, Rjóðri

Linda Hugdís Guðmundsdóttir, Vengi

Heimildamönnum eru færðar innilegar þakkir fyrir aðstoðina.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 2982

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða fyrirhugaðra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.² Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirlönd hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar

¹ Guðný Zoëga (1923). *Fornleifaskráning vegna lagningar rafstrengs á Stöðvarfirði*. Rannsóknarskýrsla 2023/7.

² Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráum með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar númer sem samanstendur af nafni jarðarinnar/svæðisins sem þær tilheyra, verkefnisnúmers Minjastofnunar og hlaupandi númeri. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Þar sem minjarnar liggja allar í landi þéttbýlisins Stöðvarfjarðar fá þær nafn þess. Því fær bæjarstæði Kirkjubólís númerið Stöðvarfjörður 2982-001.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv.,hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast aðallega við framkvæmdir innan þéttbýlisins.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju. Afstöðumynd af minjum er að finna í meginmáli en yfirlitsmynd af minjum/deiliskipulagssvæði er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaðan aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir af svæðinu eru fengnar hjá sveitarfélaginu Fjarðabyggð.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af minjum sem eru til staðar í og við deiliskipulagssvæðið. Númerin vísa til númera í skýrslu. Rauða línan afmarkar skipulagssvæðið.

Lýsing á skráningarsvæðinu

Svæðið sem var skráð nær yfir hluta af svokallaðri Kirkjubólstorfu sem mynduð var af heimajörðinni Kirkjubóli og afbýlum hennar, Einarstöðum, Bakkagerði og Hóli. Grund (seinna Borg) var afbýli frá Einarstöðum og deildu jarðirnar túni. Skipulagssvæðið er sýnt með rauðri línu á mynd 2.

Minjum í skýrslunni er skipt upp í þrjá hluta. Fyrst eru taldar upp minjar sem enn eru til staðar á öllu svæðinu, en svo minjar sem eru horfnar eða sjást á loftmynd frá 1957, annarsvegar í landi Kirkjubóls innan Innri-Einarstaðaár og hinsvegar í landi Einarstaða/Grundar milli Innri- og Ytri-Einarstaðaáa.



Mynd 2. Horft til norðurs yfir heimatún Kirkjubóls. Á myndinni eru einnig merkt húsin Hóll og Þrastarhóll sem sjá má á túnakorti frá 1920.

Ágrip af sögu Kirkjubólssporps

Þéttbýlið Stöðvarfjörður eða Kirkjubólssporp byggðist úr landi jarðarinnar Kirkjubóls á norðurströnd fjarðarins. Stöðvarfjörður var fyrrum hluti af Breiðdalshreppi en varð Stöðvarhreppur árið 1900.³ Laust fyrir aldamótin 1900 hóft að myndast þorp í landi Kirkjubóls og árið 1893 varð Kirkjubólshöfn löggiltur verslunarstaður. Verslun hófst þar skömmu síðar.⁴

Kirkjuból, ásamt jörðunum Stöð og Hafnanesi var eitt þriggja frumbýla í Stöðvarfirði.⁵ Sagnir eru um kirkju og grafreit á jörðinni en engar haldbærar heimildir eru þó til þar um. Elstu heimildir um Kirkjuból er að finna í jarðaskrá frá 1696 en þá er jörðin metin á 24 hundruð en engar hjáleigur nefndar.⁶ Í jarðatali frá 1847 er vitnað í jarðabækur frá 1760 og 1804 þar sem jörðin var talin 36 hundruð með fimm hjáleigum og er heimaörðin sjálf metin 18 hundruð.⁷ Hjáleigur frá Kirkjubóli voru Kirkjubólssel, Einarstaðir, Bakkagerði, Lönd og Bæjarstaðir. Allra jarðanna nema Bæjarstaða er getið í manntalinu 1703 en þá er Bakkagerði í eyði. Í manntalinu er nefnd hjáleigan Borgartún.⁸ Ekki er vitað með vissu hvar hún var en í örnefnaskrá er túnskiki utan Kirkjubólssbæjar kallaður Borgartún.⁹

³ Finnst vanta í þessa heimild...Undirmat, bls. 313.

⁴ Sveitir og jarðir, 3. bindi, bls. 263

⁵ Sveitir og jarðir, 3 bindi, bls. 252.

⁶ Ólafur Lárusson, 1967, bls. 327

⁷ J. Johnsen, 1847, bls. 377.

⁸ Manntal 1703, 1947, bls. 418.

⁹ Örnefnaskrá Kirkjubólssporpslands, bls. 2.

Í manntali 1703 búa 6 manns á Kirkjubóli. Hjáleigan Einarsstaðir koma fyrst fyrir í sama manntali og búa þar sjö manns. Bakkagerði er þá sagt í eyði en jörðin byggðist upp aftur.¹⁰ Býlið Grund, hjáleiga frá Einarsstöðum, kemur hinsvegar fyrst fyrir 1890 og þá búa þar 13 manns.¹¹

Búið var á Kirkjubóli til 1965.

¹⁰ Manntal á Íslandi 1703, bls. 418.

¹¹ <https://www.manntal.is/>

Fornleifaskrá



Mynd 3. Leifar af hleðslu úr gamla Kirkjubólshænum. Í baksýn er húsið Vengi, semstendur við Hólaland 24. Horfi í SV.

Minjar sem enn eru til staðar

Stöðvarfjörður 2982-001

Sérheiti: Kirkjuból

Túnakort: Kirkjubólshorpi

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Híbýli

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir


Um 15m NA íbúðarhússins Vengis (Hólalandi 24) eru leifar grjóthlaðinna veggja.

Lýsing

Tóftin er grjóthlaðin. Um 7m langur veggur liggur frá norðri til suðurs og frá norðurenda hans liggur 7m langur veggur til austurs. Um 3m langt veggjabrot liggur svo til austurs frá sunnanverðum norður-suður veggnum. Veggjahæð er 30-80cm og veggjaþykkt um 1m.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður Linda Hugdís Guðmundsdóttir segir þetta leifar af gamla Kirkjubólshænum. Nýtt hús var reist við hliðina (nú Hólaland 22) og var kallað Nýja Kirkjuból.



Aðrar upplýsingar

Húsið er horfið á loftmynd frá 1957 en Linda telur að það hafi verið rífið milli 1935 og 40 (munnl. heimild, 25.09.2023).

Í undirmati fasteigna 1916-1918 (bls. 322) segir um byggingar á Kirkjubóli. „Íbúðarhús, 7,56x4,73x2,52x3,37m Timburhús með járnvörðu þaki. Skúr við húsið úr timbri með járnþaki, 7, 56x3,15x2,2m. Baðstofa 7, 56x4,73x2,52m. Inn. bygging úr timbri. Þak járnvarið. Fiskiskúr og þerri hjallur úr timbri með járnvörðu þaki. Peningshús: Fjós fyrir 6 nautgripi, hesthús f. 4 hesta, fjárhús, f. 150 kindur og hlöður f. 220 hesta heys. Hús þessi eru með járnvörðum timbur risum og fjárhúsin með trégrindum í gólfi.

Stöðvarfjörður 2982-005

Túnakort: Einarssstaðir/Grund

Tegund: Tóft

Hlutverk: Kartöflukofi, óþekkt

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir:


Um 50m NA við núverandi íbúðarhús nr. 12 sem stendur við Heiðmörk, ofan (norðan) við þar sem bærinn Grund stóð er kofatóft, fast vestan við leifar af matjurtagarði [2982-016].

Lýsing:

Kofinn er 2,5x3m að utanmáli. Hann liggur norður-suður og hafa dyr vitað í suður. Hæð veggja er 20-30cm og veggjaþykkt um 50cm.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk er óþekkt en nálægð við matjurtagarðinn bendir til að um kartöflugeymslu gæti verið að ræða.



Mynd 4. Brú [2982-006] á læk ofan túns á Einarssstöðum/Grund

Stöðvarfjörður 2982-006

Túnakort: Einarssstaðir/Grund

Tegund: Hleðsla, gata

Hlutverk: Brú, leið

Hættumat: Hætta

Staðhættir:

Um 15m ofan við gamla Einarssstaða túnið er gata sem liggur þvert á brekkuna og á henni brúarhleðsla á læk.

Lýsing:

Hleðslan er úr grjóti, um 80cm á hæð, 2m löng og 1m breið. Gata liggur frá henni eftir brekkunni til vesturs og austurs.

Stöðvarfjörður 2982-007

Túnakort: Einarssstaðir/Grund

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Matjurtagarður

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir:

Yst í Einarssstaðatúni, á vesturbakka Ytri-Einarssstaðaár er matjurtagarður og hálf-uppistandandi kartöflukofi.

Lýsing:

Lág vegghleðsla úr grjóti myndar ólögulegan matjurtagarð, um 15 langan og 15m þar sem hann er breiðastur. Hleðslan er að hluta hlaðin upp við klett. Vegghleðslan er um 10-30cm há og um 40cm breið, líklega að hluta undan vírgirðingu.

Aðrar upplýsingar

Parna eru sýndir matjurtagarðar á túnakorti Einarssstaða frá 1920.



Mynd 5. Horft til NV yfir matjurtagarð [2982-007].



Mynd 6. Horft til austurs yfir matjurtagarð á vesturbakka Ytri-Einarssstaðaár.

Stöðvarfjörður 2982-008

Túnakort: Einarssstaðir/Grund

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Matjurtagarður

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Leifar af matjurtagarði eru í brekku vestan Ytri-Einarssstaðaár, um 20m suður af þar sem Grundarbærinn stóð og um 60m NA af húsinu Borg (Heiðmörk 2).

Lýsing:

Garðurinn er um 13x15m að stærð, afmarkaður lágu garðlagi undan girðingu. Garðlagið er 10-30cm að hæð og mest um 50cm á breidd. Annar matjurtagarður er áfastur vestan við, um 20x15m að stærð. Þar vex nú trjágróður.

Aðrar upplýsingar

Garðurinn er sýndur á túnakorti Einarssstaða frá 1920.

Stöðvarfjörður**2982-009 Númer úr****eldri skýrslu:**

Stöðvarfjörður 3020-017

Túnakort:

Kirkjubólsporp

Hlutverk: Matjurtagarður**Tegund:** Hleðsla**Hættumat:** Hætta vegna framkvæmda**Staðhættir**

Um 35m SA af húsinu Hóli eru óglöggar leifar matjurtagarðs.

Lýsing

Þarna eru óljósar útlínur matjurtagarðs sem afmarka 6x10m reit. Garðurinn sést nú eingöngu sem ferköntuð flöt.

Aðrar upplýsingar

Garðurinn sést á túnakorti Kirkjubóls frá 1920 en er óglöggur á loftmynd frá 1957.



Mynd 7. Horft til NV að bænum Hóli. Í forgrunni eru óljósar leifar matjurtagarðs sem sýndur er á túnakorti frá 1920.

Stöðvarfjörður 2982-010**Númer úr eldri skýrslu:** Stöðvarfjörður 3020-018**Túnakort:** Kirkjubólsporp**Hlutverk:** Vindmylla**Tegund:** Steinsteypa**Hættumat:** Hætta vegna framkvæmda**Staðhættir**

Leifar af steinsteypum stöpli undan vindmyllu eru 20m neðan (sunnan) við húsið Hól.

Lýsing

Þarna er steinsteypur stöpull um 1,5x1,5m í grunninn og um 2m að hæð. Leifar af mastri myllunnar er ofan á stöplinum.

Aðrar upplýsingar

Aldur myllunnar er ekki þekktur en hún sést á loftmynd frá 1957. Telst líklega ekki fornleif.



Mynd 8. Leifar vindmyllu [3020-018] neðan við Hól. Horft í vestur.

Stöðvarfjörður 2982-011

Túnakort: Kirkjubólspörp

Tegund: Tóft

Hlutverk: Kartöflukofi

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Um 20m NV af húsinu Hóli er hálf-hruninn kartöflukofi við norðurenda matjurtagarðs [2982-019].

Lýsing:

Tóftin er 3x5 að utanmáli, veggir eru grjóthlaðnir um 1.5m háir. Kofinn hefur snúið austur-vestur og hefur að hluta verið grafinn inn í brekkuna, þil hefur vitað í vestur. Þak er nú hrunið ofan í tóftina.



Mynd 9. Horft til austurs yfir leifar kartöflukofa [2982-011] vestan bæjarhúss á Hóli.

Stöðvarfjörður 2982-012

Túnakort:

Kirkjubólspörp

Tegund: Steinsteypa, hleðsla

Hlutverk: Fjós, hlaða

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Um 35m beint norður af íbúðarhúsinu Hóli og 15m vestan heimreiðar að húsinu eru leifar útihúss.

Lýsing:

Um er að ræða leifar af steinsteypar veggjaleifar útihúsua, , húsgrunnar og dældir á um 13x16m



Mynd 10. Horft til suðurs að íbúðarhúsinu á Hóli. Mishæðir undan útihúsum [2982-012] í túni nær á mynd.

stóru svæði. Þessar leifar eru að miklu leyti huldar sinu. Húsin sjást vel á loftmynd frá 1957. Þá má sjá þarna tvö stærri samstæð hús sem snúa austur-vestur og smærra hús áfast norðan við.

Aðrar upplýsingar

Tóftasvæðið er um 5m norðan og utan við útlínu deiliskipulagsins.

Í undirmati fasteigna 1916-1918 (bls. 320) segir “Býlið Hóll er stofnað fyrir aldamótin 1900 en þá er óvíst hvernig bæjarhús voru.¹² Hóll er í eigu Carls Guðmundssonar í fasteignamati 1916-18. Þar er íbúðarhúsið nefnt, tvílyft timburhús sem stendur enn. Þar eru einnig nefnd

¹² Sveitir og jarðir, 3. bindi, bls. 265.

peningshús „Fjós fyrir 7 nautgripi úr steinsteypu. Þakjárn. Hesthús fyrir 4 hesta, fjárhús f. 170 kindur og hlöður f. 290 h. heys.“¹³

Stöðvarfjörður 2982-013

Túnakort: Kirkjubólspörp

Tegund: Tóft

Hlutverk: Fjárhús

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir


Um 270m NA af bæjarstæði Kirkjubóls eru leifar af grjót- og torfhlöðnu fjárhúsi.

Lýsing

Um er að ræða tvískipta tóft sem liggur nálega austur-vestur, 6x10m að utanmáli. Vestara hólfið er 3x4,5m að innanmáli og austara hólfið er 3,5x4m að innanmáli. Þil hefur verið til suðurs á vestara húsinu en dyr á því austara. Veggir eru 0,7-1,2m að hæð og 1m á þykkt. Tóftin er algróin en grjót sést í veggheðslum. Á loftmynd frá 1957 sést önnur bygging bak fjárhúsinu en þar er nú sléttuð flöt, 5x12m að stærð. Sléttuð hlaðin flöt er einnig fast austan fjárhúsanna.

Aðrar upplýsingar

Á loftmynd frá 1957 er þak á húsinu. Minjarnar liggja 2m norðan við útlínu deiliskipulagsins.



Stöðvarfjörður 2982-014

Tegund: Steinsteypa, hleðsla

Hlutverk: Fjárhús

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir:

Grunnur útihúss, líklega fjárhúss er 10m vestur af Ytri-Einarsstaðará og 130m NV af þar sem Grundarbærinn stóð (við SA horn garðsins umhverfis hús nr. 12 við götuna Heiðmörk).

Lýsing

Þarna er grunnur húss, sem snýr norður-suður. Hann er 5x9m að stærð, að hluta niðurgrafinn, veggir úr steinsteypu, mest 70cm háir.

Aðrar upplýsingar

Grunnurinn sést ekki á loftmynd frá 1957 og telst því ekki fornleifa skv. laganna hljóðan er er tekin með sem tóft innan deiliskipulagssvæðisins.



Mynd 11. Horft i norður yfir grunn útihúss [2982-014] vestan Ytri-Einarsstaðará.

¹³ Fasteignamat, undirmat, bls. 320.

Stöðvarfjörður 2982-015

Túnakort: Einarssstaðir/
Grund

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Matjurtagarður

Hættumat: Hætta vegna
framkvæmda

Staðhættir

Á vestari bakka Ytri-Einarssstaðáar, um 90m NA af þar sem Grundarbærinn stóð, eru leifar af matjurtagarði.

Lýsing:

Óljóst garðlag um 10-20cm hátt og 30cm breitt afmarkar 11x13m matjurtagarð.

Aðrar upplýsingar

Trjágróðri hefur verið plantað þarna og erfitt að greina garðinn. Garðurinn er sýndur á túnakorti frá 1920 og telst því fornleifar.



Mynd 12. Skógrækt á vesturbakka Ytri-Einarssstaðáar. Við buginn á ánni eru leifar af gömlum matjurtagarði [2982-015]



Mynd 13. Horft til suðurs yfir það sem eftir er af túni bæjanna Einarssstaða og Grundar, á vesturbakka Einarssstaðáar. Efst í túninu, skammt neðan trjáraðarinnar eru óglöggar leifar matjurtagarðs [2982-016] og lítills kofa [2982-005]. Einnig eru merkt á myndina fyrrum bæjarstæði bæjanna á milli Einarssstaðáanna.

Stöðvarfjörður 2982-016

Tegund: Hleðsla

Hlutverk: Matjurtagarður

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Efst í gamla Einarsstaða/Grundar túninu eru leifar af matjurtagarði.

Lýsing

Búið er slétta úr garðinum, að mestu, en túngirðing hefur myndað norðvestur skammhlið. Enn sést móta fyrir 7m löngum kafla af vesturhlið garðsins. Af mælingum af loftmynd frá 1957 er garðurinn 10x13m að stærð.

Aðrar upplýsingar

Garðurinn er ekki á túnakorti frá 1920.



Mynd 14. Horft til NV yfir gömlu kirkjuna og bæjarstæði Hóls. Eftir brekkunni endilangri má sjá leifar vegar [2982-018] sem lá um Kirkjubólstúnið á túnakorti frá 1920. Í brekkunni ofan við má sjá leifar matjurtagarðs sem sjá má á sama túnakorti.

Stöðvarfjörður 2982-018

Númer úr eldri skýrslu: Stöðvarfjörður 3020-022

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Hluta gamallar götu má sjá á um 120m löngum kafla frá brekkunni neðan gömlu kirkjunnar að lóðamörkum við húsið Vengi (Hólaland 24).

Aðrar upplýsingar

Vegurinn sést á túnakorti Kirkjubóls frá 1920. Þá liggur hann í boga að vestan neðan kirkjunnar upp að bæjarstæði Kirkjubóls og þaðan til austurs niður og yfir báðar Einarstaðáarnar um hlað á Einarstöðum og þaðan til austurs út þorpið.

Stöðvarfjörður 2982-019

Tegund: Niðurgröftur

Hlutverk: Matjurtagarður

Hættumat: Hætta vegna framkvæmda

Staðhættir

Um 20m vestur af húsinu Hóli eru leifar af matjurtagarði.

Lýsing

Garðurinn liggur á austurbakka lækjar. Hann er um 18m langur frá SSV-NNA og um 7m breiður frá NNV-SSA. Garðurinn sést einungis sem grunnur niðurgröftur með lágu brúnum en ekkert veggjalag er greinanlegt.

Aðrar upplýsingar

Garðurinn sést á loftmynd frá 1957 en er ekki á túnakorti frá 1920. Um 4m norðan garðs eru leifar af hálf-hrundum kartöflukofa [2982-011].



Mynd 15. Horft til norðurs yfir matjurtagarð [2982-019] vestan Hóls.

Stöðvarfjörður 2982-003

Tegund: Niðurgröftur

Hlutverk: Fjárhús, fjós, hlaða

Staðhættir og lýsing

Á loftmynd frá 1957 smá sjá byggingu undir þaki um 60m NV af húsinu Grund.

Byggingin stóð rétt um 10m SA af íbúðarhúsinu Heiðmörk 12. Hún hefur verið jöfnuð við jörðu en enn má sjá móta fyrir sléttum fleti þarna.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður Oddur Guðjónsson segir þarna hafa verið fjárhús, fjós og hlöðu frá Borg. Byggingarár óvíst en telst ekki fornleifar skv. lögum.



Mynd 16. Horft í norður yfir húsgrunn [2982-003]

Minjar á loftmynd frá 1957 – svæðið innan við Innri-Einarsstaðaá



Mynd 17. Yfirlitsmynd af minjum í Kirkjubólspori. Undirliggjandi loftmynd er frá 1957. Hvíta útlinan eru útmörk túna á túnakorti Kirkjubólspors frá 1920 en rauða línan sýnir útmörk deiliskipulagssvæðisins. Minjarnar sem teiknaðar eru inn á myndina eru minjar sem sjást á loftmyndinni en eru nú horfnar. Kort-LI222-LI2-5229 á www.lmi.is

Stöðvarfjörður 2982-004

Sérheiti: Bakkagerði

Tegund: Heimild

Hlutverk: Híbýli

Staðhættir og lýsing

Á túnakorti

Kirkjubólspors frá 1920

má sjá íbúðarhús býlisins

Bakkagerðis sunnarlega

á Kirkjubólstorfunni.

Núverandi íbúðarhús

sem byggt var 1953

stendur enn en er um

20m ofan við þar sem

gamli bærinn stóð

Aðrar upplýsingar

Bakkagerði er ekki nefnt

í jarðatali 1686-1696 en í

manntali 1703 er býlið

sagt í eyði (Björn

Lárusson, 1967, bls. 327,

Manntal 1703, 1947, bls.

418). Í jarðatali Johnsens

frá 1847 (bls. 377) er

jörðin talin hjáleiga


Kirkjubóls.

Heimildamaður Oddur

Guðjónsson segir bæinn

hafa verið um 30m neðan

við íbúðarhúsið



Mynd 18. Túnakort Kirkjubólspors, innan við Innri-Einarsstaðaá.

Bakkagerði 1. Þarna er

nú bílastæði á mótum gatnanna Fjarðabrautar og Bakkagerðis. Engin ummerki um eldri byggingar fundust við vettvangsskoðun. Íbúðarhúsið er innan við deiliskipulagsbmörkin en gamli bærinn hefur staðið ca. 20m utan við útlínur deiliskipulags og er því haft með í skránni.

Í undirmati fasteigna 1916-1918 (bls. 323) segir um Bakkagerði: „a Íbúðarhús, 9,42x3,76x5+2,89m. Timburhús tvílyft, járnv. B. Skúr við húsið 9,45x2,52x2,52m. Úr sama byggingarefni. C. Peningshús: Fjós fyrir 4 naut með flór og básgólfum úr steinsteypu, og stoppuðu járnvörðu þaki. Hesthús fyrir 2 hesta, ris járnv. Fjánhús f. 100 kindur og hlaða, 7,56x4,41x3,15+2,2m f. 150 h. heys, hálf vegghæð úr timbri, ris járnvarið. Sjóskúr, 3,78x3,15x3,1m úr timbri með járnlögðu þaki.“ Í Sveitum og jörðum (3. Bindi bls. 262) segir að í fasteignamati 1942 sé heitið Árbær innan sviga. Núverandi íbúðarhús var byggt 1953.

Stöðvarfjörður 2982-020

Sérheiti: Heygarður, Heygarðshóll

Tegund: Heimild

Hlutverk: Kirkja, kirkjugarður

Aðrar upplýsingar

Hnit voru tekin þar sem heimildamenn Oddur Guðjónsson og Hrafn Baldursson töldu hólinn hafa verið (finnst vanta að dagsetja heimildir). Þegar grafið var í hólinn vegna bygginga fundust engin merki um kirkjugarð.

Í Örnefnaskrá Kirkjubóls (bls. 2) segir: „Neðan við Kirkjubólsbæ er Kirkjubólsbali, en utan við Kirkjuból *Heygarður* og Heygarðshóll, þar sem gamlir menn töldu hafa staðið kirkju (áður en hún kom í Stöð). Talið er að votti fyrir leiðum í Heygarðinum. Utan við Heygarð tekur við Borgartún. Það dregur ef til vill nafn af Borgargerði (en heyborgir voru hér kallaðar, ef hlaðið var utan að heyjum).“

Stöðvarfjörður 2982-033

Tegund: Heimild

Hlutverk: Matjurtagarður

Staðhættir og lýsing

Á loftmynd frá 1957 má sjá matjurtagarð þar sem nú er gatan Borgargerði, milli húsanna Borgargerði 8 og Hólalands 16. Engin ummerki sjást lengur um garðinn.

Stöðvarfjörður 2982-034

Tegund: Heimild

Hlutverk: Matjurtagarður

Matjurtagarður sést á loftmynd frá 1957 þar sem nú er húsið í Borgargerði 12. Engin ummerki eru lengur um garðinn.

Stöðvarfjörður 2982-037

Tegund: Heimild

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Staðhættir og lýsing

Á loftmynd frá 1957 má sjá tóft, líklega af útihúsi um 60m NV af þar sem Kirkjubólsbærinn stóð. Tóftin er nú komin undir götuna Borgargerði neðan við íbúðarhúsið í Borgargerði 18.

Stöðvarfjörður 2982-040

Tegund: Heimild

Hlutverk: Óþekkt

Staðhættir og lýsing

Á loftmynd frá 1957 má sjá matjurtagarð um 15m beint suður af íbúðarhúsinu Þrastarhóli.

Aðrar upplýsingar

Þarna er nú trjágarður. Sjá má íbúðarhúsið á Þrastarhóli á túnakorti frá 1920 en ekki matjurtagarð.

Stöðvarfjörður 2982-041**Tegund:** Heimild**Hlutverk:** Skurður**Staðhættir og lýsing**

Á túnakorti Kirkjubólshrepps frá 1920 má sjá skurð sem afmarkar tún í Bakkagerði.

Aðrar upplýsingar

Engin ummerki eru lengur um skurðinn en hann sést glögg á loftmynd frá 1957.

Hús sem eru horfin en stóðu enn 1957

Stöðvarfjörður 2982-035**Tegund:** Heimild**Hlutverk:** Sumarfjós**Staðhættir og lýsing**

Á loftmynd frá 1957 sést bygging með þaki um 35m ofan við íbúðarhúsið Þrastarhól og um 25m vestan við Innri-Einarsstaðaá. Byggingin hefur verið um 5x7m á stærð.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni, Oddi Guðjónssyni var þarna sumarfjós frá Kirkjubóli. Þarna stendur nú einbýlishús við Borgargerði 2.

Stöðvarfjörður 2982-036**Tegund:** Heimild**Hlutverk:** Útihús**Staðhættir og lýsing**

Á loftmynd frá 1957 má sjá útihús undir þaki sem hafa staðið um 13m vestan við þar sem nú er húsið Vengi (Hólaland 24). Húsin eru horfin og þar eru nú garður og bílastæði. Húsin hafa verið um 9m löng og um 4m á breidd.


Stöðvarfjörður 2982-038**Tegund:** Heimild**Hlutverk:** Fjárhús, hlaða**Staðhættir og lýsing**

Þar sem nú er malbikuð gata, um 10m neðan við húsið í Borgargerði 14 má sjá útihús með þaki á loftmynd frá 1957. Húsin hafa snúið austur-vestur, um 4x12m að utanmáli.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni, Oddi Guðjónssyni, voru þetta fjárhús og hlaða frá Kirkjubóli.

Minjar á loftmynd frá 1957 – svæðið milli Einarssstaðaanna



Mynd 19. Yfirlitsmynd af minjum í túni Einarssstaða og Grundar. Hvíta útlínan sýnir útmörk túns á túnakorti bæjanna frá 1920 en rauða línan útmörk deiliskipulagssvæðisins. Minjarnar sem teiknaðar eru inn á myndina eru minjar sem sjást á loftmynd frá 1957. Kort-LI222-LI2-5229 á lmi.is



Mynd 20. Horft til vesturs yfir þann hluta túns Einarssstaða/Grundar sem enn er eftir

Stöðvarfjörður 2982-002

Tegund: Heimild

Hlutverk: Óþekkt

Staðhættir og lýsing

Á loftmynd frá 1957 má sjá kofatóft um 40m SA af bæjarstæði Einarssstaða, fast austan heimreiðar að húsinu Borg.

Aðrar upplýsingar

Þarna er nú bílastæði austan við barnaskólann.

Stöðvarfjörður 2982-017

Sérheiti: Grund, Innri-Grund, Ytri-Grund, Borg

Tegund: Heimild

Hlutverk: Fjárhús, fjós, hlaða


Staðhættir og lýsing

Á túnakorti Einarssstaða/Grundar frá 1920 er býlið Grund sýnt sem ein bygging ofarlega í túni. Á loftmynd frá 1957 má sjá marka fyrir bæjarstæðinu en húsið er þá horfið. Bærinn hefur staðið við SA horn garðsins umhverfis íbúðarhúsið að Heiðmörk 12.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 262) segir: „G er ungt býli byggt úr landi Einarssstaða seint á 19. öld [...] Skv. Fasteignabók 1932 eru sögð 2 smábýli, Innri- og Ytri-Grund, áþekkt að stærð [...] 1942 (F'42) heitir býlið Borg [2982-042]. Þar er þá 60hb. tún 30hb. engi og áhöfn 30 kindur og kýr.“ Á túnakorti Einarssstaða frá 1920 er býlið Grund sýnt sem ein bygging en í

undirmati fasteigna 1916-1918 (bls. 324) er talað um tvö íbúðarhús. Þar segir um hús á jörðinni: „Íbúðarhús, 6x6,6x3,33+3m. Járnvarið timburhús með kjallara. Fiskiskúr, 3,5x2,75x2m. Hjallur, 4x2,75x1,89m þak járnvarið. Peningshús: Fjós fyrir 2 kýr, hesthús f. 1 hest, fjárhús f. 60 kindur og hlöður f. 100 hesta. 1 safnþró úr steinsteypu með járnþaki.“ Um hitt íbúðarhúsið á Grund segir: „Íbúðarhús, 6,68x3,33x3,33+2m. Timburhús, pappklætt og járnvarið með kjallara, 4x2,67x1,89m. Byggt 1914. Heimildamaður Oddur Guðjónsson staðfesti að þarna hefði Grundarbærinn staðið en hvorki Oddur né Hrafn Baldursson þekkti til hvar hitt íbúðarhúsið stóð. Býlið Borg stóð um 10m ofan við þar sem einbýlishúsið Borg (Heiðmörk 2) stendur enn en útihús hafa verið jöfnuð við jörðu.



Mynd 21. Túnakort Einarsstaða/Grundar – milli Innri og Ytri-Einarsstaðaáa.

Stöðvarfjörður 2982-021

Tegund: Heimild

Hlutverk: Matjurtagarður

Aðrar upplýsingar

Á loftmynd af gamla Einarsstaðatúninu frá 1957 má sjá matjurtagarð fast norðan við þar sem nú stendur húsið Heiðmörk 13, í garði umhverfis húsið. Engin ummerki eru lengur sýnileg um þennan garð.

Stöðvarfjörður 2982-022

Tegund: Heimild

Hlutverk: Óþekkt, hesthús?

Staðhættir

Um 35m vestur af bænum á Grund má sjá tóft á loftmynd frá 1957. Tóftin er nú komin undir götuna Heiðmörk, austan húss nr. 9. Tóftin er um 5x5m að utanmáli með dyr í suður. Engin ummerki eru lengur um tóftina.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður Oddur Guðjónsson taldi þetta gæti hafa verið hesthús. Það gæti þó líka átt við tóft [2982-028] Hnit eru tekin af uppréttri loftmynd frá 1957 og því getur skeikað um einhverja metra.

Stöðvarfjörður 2982-023

Tegund: Heimild

Hlutverk: Óþekkt

Staðhættir og lýsing

Á loftmynd frá 1957 má sjá tóft útihúss um 10m norðan við bæjarstæði Grundar. Tóftin er 4x9m að utanmáli skv. loftmyndinni og hefur snúið NNA-SSV, þil hefur vitað í suður. Tóftin var þar sem nú er garður austan hússins sem stendur við Heiðmörk 13 en engin ummerki eru lengur um hana.

Aðrar upplýsingar

Mælingar og hnit eru tekin af uppréttri loftmynd frá 1957 og því getur skeikað einhverju.

Stöðvarfjörður 2982-024

Tegund: Heimild

Hlutverk: Óþekkt, útihús?

Staðhættir og lýsing

Um 13m, beint austur af bænum Grund virðist tóft á loftmynd frá 1957. Mæld á loftmynd virðist tóftin vera 4x5m að utanmáli með þil í suður. Engin ummerki eru lengur um tóftina.

Aðrar upplýsingar

Mælingar og hnit eru tekin af uppréttri loftmynd frá 1957 og því getur skeikað einhverju.

Stöðvarfjörður 2982-025

Tegund: Heimild

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Staðhættir og lýsing

Á loftmynd frá 1957 má sjá þrjár samsíða tóftir neðan við matjurtagarð [2982-016]. Tóftirnar voru efst í túni, um 60m NA við þar sem bærinn Grund stóð og 45m NV af íbúðarhúsinu við Heiðmörk 13. Nyrsta tóftin er stærst, hún snýr NNA-SSV, um 5x9m að utanmáli, og hafa dyr vitað í norður. Engin ummerki sjást lengur um tóftina.

Aðrar upplýsingar

Mælingar og hnit eru tekin af uppréttri loftmynd frá 1957 og því getur skeikað einhverju.

Stöðvarfjörður 2982-026

Tegund: Heimild

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Staðhættir og lýsing

Á loftmynd frá 1957 má sjá þrjár samsíða tóftir neðan við matjurtagarð [2982-016]. Tóftirnar voru efst í gamla Einarsstaðatúninu, um 60m NA við þar sem bærinn Grund stóð og 45m NV af íbúðarhúsinu við Heiðmörk 13. Miðjutóftin er minnst, um 5x5m að utanmáli og hafa dyr vitað í suður. Engin ummerki sjást lengur um tóftina.

Aðrar upplýsingar

Mælingar og hnit eru tekin af uppréttri loftmynd frá 1957 og því getur skeikað einhverju.

Stöðvarfjörður 2982-027

Tegund: Heimild

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Staðhættir og lýsing

Þrjár tóftir lágu samsíða efst í gamla Einarsstaðatúninu, um 60m NA við þar sem bærinn Grund stóð og 45m NV af íbúðarhúsinu við Heiðmörk 13. Vestasta tóftin virðist tvískipt á loftmynd frá 1957. Engin ummerki sjást lengur um tóftina.

Aðrar upplýsingar

Mælingar og hnit eru tekin af uppréttri loftmynd frá 1957 og því getur skeikað einhverju.

Stöðvarfjörður 2982-028

Tegund: Heimild

Hlutverk: Óþekkt, útihús

Staðhættir og lýsing

Á loftmynd frá 1957 má sjá tóft um 45m NV af þar sem gamli Grundarbærinn stóð, um 10m neðan (sunnan) við húsið sem stendur við Heiðmörk 11. Tóftin snýr NNA-SSV, um 5x10m að utanmáli. Dyr hafa vitað í suður. Engin ummerki eru lengur um tóftina.

Aðrar upplýsingar

Mælingar og hnit eru tekin af uppréttri loftmynd frá 1957 og því getur skeikað einhverju.

Stöðvarfjörður 2982-029

Sérheiti: Einarsstaðir

Tegund: Heimild

Hlutverk: Híbýli

Staðhættir og lýsing

Bærinn á Einarsstöðum stóð þar sem nú er gatan Skólabraut og bílastæði ofan við barnaskólann. Hluti bæjarstæðis er í garði sunnan við Heiðmörk 1. Engin ummerki eru lengur um bæinn eða tóftir í næsta nágrenni hans. Bærinn er horfinn á loftmynd frá 1957.

Aðrar upplýsingar

Einarsstaðir voru hjáleiga frá Kirkjubóli, fyrst getið í manntali 1703. Býlisins er hinsvegar ekki getið í jarðaskrá frá 1686-1696 (Manntal 1703, 1947, bls. 418, Björn Lárusson, 1967, bls. 327). Býlið kann því að hafa byggst upp skömmu fyrir 1703.

Í undirmati fasteigna 1916-1918 (bls. 323-324) segir um Einarsstaði: „a. Íbúðarhús, 8,82x9,9x5,67+4m. Tvílyft timburhús, pappalagt og járnlagt allt að utan, með kjallara, 4,41x3,78x2m [...]: Peningshús: Fjós fyrir 5 naut, hesthús f. 2 hesta, fjárhús f. 100 kindur og hlöður er taka 160 hesta. Ris úr timbri járnvarin flest.“

Mælingar og hnit eru tekin af uppréttri loftmynd frá 1957 og því getur skeikað einhverju.

Stöðvarfjörður 2982-030

Tegund: Heimild

Hlutverk: Fjós

Staðhættir og lýsing

Á loftmynd frá 1957 má sjá tóft af útihúsi 10m ofan bæjarins Einarssstaða [2982-029]. **Aðrar upplýsingar**

Heimildamaður, Oddur Guðjónsson, segir fjós og hlöðu hafa staðið þarna.

Stöðvarfjörður 2982-031

Tegund: Heimild

Hlutverk: Óþekkt

Staðhættir og lýsing

Á loftmynd frá 1957 má sjá óglögga tóft upp við túngirðingu efst í Einarssstaðatúni. Tóftin virðist hafa verið um 5x7m að stærð, snúið SSV-NNA og þil vitað í suður.

Aðrar upplýsingar

Oddur Guðjónsson segir sumarfjós frá Einarssstöðum hafa verið efst í túni en óvíst er hvort það er þessi tóft. Tóftin er nú horfin vegna sléttunar.

Stöðvarfjörður 2982-039

Tegund: Heimild

Hlutverk: Óþekkt

Á loftmynd frá 1957 má sjá það sem virðist vera hálfhrunin kofatóft þar sem nú er bílastæði um 15m neðan við húsið við Heiðmörk 11.

Aðrar upplýsingar

Engin ummerki sjást lengur um kofann.

Stöðvarfjörður 2982-044

Tegund: Heimild

Hlutverk: Óþekkt

Staðhættir og lýsing

Á loftmynd frá 1957 má sjá tóft án þaks um 30m SA af þar sem Einarssstaðabærinn stóð. Þarna er nú bílplan austan barnaskólans.

[Hús sem eru horfin en stóðu enn 1957](#)

Stöðvarfjörður 2982-032

Tegund: Heimild

Hlutverk: Fjárhús, hlaða

Staðhættir og lýsing

Á loftmynd frá 1957 má sjá fjárhús og hlöðu með þaki þar sem nú er garður við hús nr. 7 við Heiðmörk. Engin ummerki eru um þau lengur. Húsin hafa snúið NNA-SSS og voru að utanmáli um 16m löng og 5m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Oddur Guðjónsson, segir þetta hafa verið fjárhús og hlöðu frá Einarssstöðum

Stöðvarfjörður 2982-042

Sérheiti: Borg, (Grund)

Tegund: Heimild

Hlutverk: Híbýli

Staðhættir og lýsing

Í Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 262) segir um Grund, afbýli frá Einarstöðum: „Skv. Fasteignabók 1932 eru sögð 2 smábýli, Innri- og Ytri-Grund [...] 1942 (F'42) heitir býlið Borg.“ Borg sést á loftmynd frá 1957 en þá eru Grundarbæirnir horfnir. Á 1957 loftmyndinni má sjá byggingu, mögulega með þaki, um 7m ofan (norðan) við húsið Borg (Heiðmörk 2). Þarna er nú sléttuð flöt.

Aðrar heimildir

Heimildamaður Oddur Guðjónsson sem ólst upp í húsinu sem enn stendur segir eldra húsið hafa staðið um 10m ofan við núverandi íbúðarhús en þekkti ekki aldur þess húss.

Stöðvarfjörður 2982-043

Tegund: Heimild

Hlutverk: Óþekkt

Staðhættir og lýsing

Sjá má leifar af kofa með þaki um 8m NV af íbúðarhúsinu á Einarstöðum á loftmynd frá 1957.

Aðrar upplýsingar

Þarna er nú bílastæði ofan við barnaskólann.

Samantekt

Vettvangsferðir voru farnar dagana 11. og 19. maí 2023. Alls voru 16 minjar skráðar á vettvangi og eru þær því enn til staðar, a.m.k. að hluta. 27 minjar voru hinsvegar horfnar eða fundust ekki. Horfnar minjar voru staðsettar með því að bera saman loftmyndir frá 2021 og 1957 og með aðstoð heimildamanna.¹⁴ Einnig var stuðst við hnitsett túnakort. Hnit minja sem tekin eru af gömlum loftmyndum og túnakortum geta verið með nokkurra metra skekkju.

Tafla 1. Tafla yfir fjölda minja á skráningarsvæðinu.

Fjöldi minja	Með hnitum
Enn til staðar	16
Horfnar	27
Samtals	43

Allar minjarnar eru hefðbundnar menjar sjávarbúskapar og þéttbýlismyndunar um og upp úr aldamótunum 1900. Vegna 100 ára reglu laga um menningarminjar töldust minjar frá 1923 og eldri til fornleifa þegar skráningin var gerð.¹⁵ Sumar minjanna teljast þó enn ekki til fornleifa samkvæmt laganna hljóðan en þær eru skráðar þar sem þær eru frá fyrri hluta 20. aldar og mikilvægar heimildir um búskap í upphafi þorpsmyndunarinnar.

Mannvirki sem eru á túnakortum Kirkjubólspors og Einarstaða/Grundar frá 1920 teljast sannanlega fornleifar skv. laganna hljóðan en á kortunum eru einungis sýnd íbúðarhús, matjurtagarðar, vegir og skurðir (sjá myndir 18 og 21). Fjöldi og aldur útihúsa er því óvissari. Á túnakorti Kirkjubólspors má sjá húsin Hól vestan Kirkjubóls og Þrastarhól austan þess. Þessi hús standa enn og eru því ekki tekin með í skránni. Útihús sem voru orðin að tóftum á loftmynd frá 1957 eru tekin með, sem og útihús sem enn stóðu með þaki því þau kunna að grunni til að hafa verið eldri (sjá myndir 17 og 19).

Minjar sem enn eru til staðar

Alls voru 16 minjar eða 37% allra skráðra minja enn til staðar, en 63% voru horfnar. Enn er eftir hluti af grjóthlöðnum útvegg gamla [2982-001] Kirkjubólshæjarins sem rifinn var um eða fyrir 1940. Hann stendur nú í garði við húsið Vengi. Önnur mannvirki á og við bæjarstæðið eru horfin enda er þarna þétt íbúðabyggð. Vestan við bæinn Hól eru leifar af matjurtagarði [2982-019] og kartöflukofa norðan hans [2982-011]. Þessar minjar sjást á loftmynd frá 1957 en eru ekki á túnakorti. Stöpull undan vindmyllu [2982-010] er sunnan við íbúðarhúsið á Hóli, hann telst líklega ekki fornleifar. Austan stöpsulsins eru óglöggar leifar matjurtagarðs [2982-009] sem sést á túnakorti. Fast neðan matjurtagarðsins er hluti af götu [2982-018] sem einnig sést á túnakortinu. Gatan liggur þar í boga neðan kirkjunnar upp að Kirkjubólshæ og til austurs að Einarstöðum og þaðan austur frá bænum. Sá hluti götunnar sem liggur frá kirkjunni í átt að enda götunnar Hólalands er eini hluti vegarins sem enn sést. Aðrar minjar fundust ekki í Kirkjubólstúninu en milli Einarstaðaánna í túni Grundar/Borgar má sjá leifar af grunni útihúss [2982-003]. Þrennir matjurtagarðar [2982-007, 008 og 015] eru á vesturbakka Ytri-

¹⁴ Sjá tímaflakk á síðunni www.map.is/fjardabyggd.

¹⁵ Nr. 80 frá 2012 á síðunni <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Einarsstaðaár. Garðarnir eru ágætlega varðveittir en þarna er þó að vaxa upp nokkur trjágróður. Efst í túni Einarsstaða/Grundar eru óglöggar leifar af matjurtagarði [2982-016] og kartöflukofa [2982-005] vestan hans, sjást vel á loftmynd frá 1957. Ofan túns er svo hlaðinn og steinsteyptur grunnur [2982-014] einhverskonar útihúss sem ekki er sýnilegt á loftmyndinni frá 1957. Ofan túns er líka gata sem liggur frá vestri til austurs yfir læk þar sem hlaðin hefur verið brú [2982-006].

Heillegustu minjarnar sem skráðar voru eru grunnar útihúsa frá Hóli annarsvegar [2982-012] og fjárhús frá Kirkjubóli hinsvegar [2982-013]. Þær liggja skammt utan skipulagssvæðisins en eru taldar með vegna nálægðar við það.

Hættumat

Við gerð skráningar er lagt mat á hvort minjar geti verið í hættu vegna framkvæmda eða af náttúrulegum orsökum. Þetta mat byggir á stöðlum Minjastofnunar Íslands en þar eru þrír flokkar, engin hætta, hætta og mikil hætta.¹⁶ Mat á hættu minja má finna í töflu 2 í viðauka við skýrslu. Nokkurn fjölda minja er enn að finna í bæjarlandi Stöðvarfjarðar en eins og við er að búast eru fáar minjar sýnilegar í þéttbýlinu sjálfu. Við skráninguna lá ekki fyrir hvar framkvæmt verður þannig að allar minjar sem enn eru til staðar, við eða innan framkvæmdasvæðis, eru metnar í hættu.

Alls voru 27 minjar, tóftir og standandi byggingar, skráðar af hnitsettum loftmyndum frá 1957. Það má því reikna með nokkurra metra skekkju á staðsetningu þeirra. Minjarnar eru flestar horfnar vegna þéttbýlismyndunar, vegagerðar og húsbygginga en minjar í túni milli Einarsstaðaánna hafa verið sléttaðar út þótt einungis hafi verið byggt á hluta svæðisins. Hætta er ekki metin fyrir minjar sem eru horfnar en þó má alltaf búast við að fornleifar kunni að leynast í jörðu, sérstaklega í og umhverfis bæjarstæði.

Á skipulagssvæðinu fundust engar minjar sem ætla má að séu frá elstu tíð búsetu í Stöðvarfirði. Hluti af grjóthlöðnum vegg gamla Kirkjubólshóls [2982-001] er það eina sem enn má finna af seinasta torfbænum. Í og við bæjarstæði Kirkjubólshóls gætu þó fornleifar leynst í jörðu og sagnir eru um kirkju og kirkjugarð úr frumkristni. Hugmyndir eru um að hann hafi verið þar sem hét Heygarðshóll austan Kirkjubólshóls en það er óstaðfest og engin mannabein komu upp við framkvæmdir í hólnum. Bæjarstæðið sjálft og umhverfi eru nú að hluta undir götunni Borgargerði og að hluta í húsagörðum við hana.

Nokkrar minjar eru umhverfis húsið Hól en þar var býli um aldamótin 1900. Minjarnar eru flestar utan skipulagssvæðisins. Milli Einarsstaðaánna voru býlin Einarsstaðir [2982-029] og hjáleigan Grund (síðar Borg) [2982-017] og deildu þau túni. Einarsstaðir voru gömul hjáleiga, komin í byggð 1703 en Grund kemst fyrst í byggð á seinni hluta 19. aldar. Einarsstaðir eru nú horfnir undir bílplan við grunnskólann og sjást engar menjar um bæinn lengur. Bæjarstæði Grundar og flestar byggingar í túni hafa verið sléttaðar og fátt sem bendir til tófta og annarra mannvirkja sem sjá má á loftmynd frá 1957. Matjurtgarðar á bakka Ytri-Einarsstaðaár eru hinsvegar enn nokkuð greinilegir. Bæjarstæði Bakkagerðis [2982-004] lá rétt um 20m sunnan

¹⁶ https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

útmarka deiliskipulagsins. Það var staðsett eftir leiðbeiningu heimildamanns og hnitsetningu af túnakorti. Óvíst er um aldur jarðarinnar. Bakkagerðis er ekki getið í jarðaskrá frá 1686-1693 en býlið sagt í eyði 1703. Vegna aldurs jarðarinnar má reikna með fornleifum í jörðu þar sem gamla bæjarstæðið var.

Lokaorð

Þær minjar sem enn eru til staðar eru áhugaverður vitnisburður um sögu Kirkjubóls, uppbyggingu þéttbýlis í Stöðvarfirði og landnýtingu bæjarbúa. Þær eru þó heldur sundurlausar og ekki hluti af heildstæðu minjalandslagi. Bæjarstæði Kirkjubóls, Einarsstaða og Bakkagerðis eru öll gömul og því má ætla að eldri minjar kunni að leynast þar í jörðu, þrátt fyrir að byggt hafi verið í og við þau. Því ber að fara með sérstakri gát varðandi skipulag í námunda þeirra. Bæjarstæði Grundar hefur verið sléttað og fátt sem bendir til minja þar.

Sé sýnt að byggingar eða önnur mannvirki komi til með að skemma eða hylja fornleifar ber að hafa samband við Minjastofnun Íslands sem ákveður hvort og til hvaða mótvægisáðgerða þurfi að grípa til vegna framkvæmdanna.¹⁷

Minjar sem eru horfnar eða staðsetning óþekkt eru ekki metnar í hættu. Þó svo að minjar sjáist ekki lengur á yfirborði kunna ummerki um þær að leynast neðanjarðar. Ef minjar koma upp við framkvæmdir ber að stöðva þær tafarlaust og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem metur hvort og til hvaða mótvægisáðgerða þurfi að grípa.

¹⁷ Sjá 21. gr. laga um menningarminjar <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Björn Lárusson (1967). *The old Icelandic Land Registers*. Lund: Gleerup.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Manntal á Íslandi árið 1703 (1947). Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi 3. bindi. (1976). Reykjavík: Búnaðarsamband Austurlands.

Túnakort:

Túnakort Einarssstaða/Grundar. Hlekkur: https://manntal.is/myndir/Tunakort/Mulasysla/S-Mulasysla/Stodvarhreppur/Jpg-400/Stodvarhreppur_002.jpg

Túnakort Kirkjubólsporsps. Hlekkur: http://manntal.is/myndir/Tunakort/Mulasysla/S-Mulasysla/Stodvarhreppur/Jpg-400/Stodvarhreppur_008.jpg

Örnefnaskrár:

Örnefnaskrá Kirkjubólsporspslands. Skráð af Stefáni Einarssyni eftir Kristjáni Jónssyni.

Örnefnastofnun Íslands. Hlekkur: <https://nafnid.is/ornefnaskra/22160>

Netsíður:

Lög um menningarminjar á vef alþingis. Skoðað 26.06.2020

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Heimildamenn


Oddur Guðjónsson, Ásgarði

Hrafn Baldursson, Rjóðri

Linda Hugdís Guðmundsdóttir, Vengi

Fylgiskjöl

Stöðvarfjörður - minjar á og við deiliskipulagssvæði



Tafla 2
Stöðvarfjörður - hnitaskrá

Númer	Svæði	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
Minjar sem eru til staðar											
2982-001	Stöðvarfjörður	Kirkjuból	híbyli	hleðsla, heimild	800	1950	vel greinanleg	hætta	framkvæmda	743110	491490
2982-003	Stöðvarfjörður		fjárhús, fjós, hlaða	niðurgroftur	1930	1957	illgreinanleg	hætta	framkvæmda	743392	491374
2982-005	Stöðvarfjörður		kartöflukofi	tóft	1850	1950	vel greinanleg	hætta	framkvæmda	743464	491479
2982-006	Stöðvarfjörður		leið, brú	hleðsla, gata	1900	1957	vel greinanleg	hætta	framkvæmda	743503	491479
2982-007	Stöðvarfjörður		matjurtagarður	hleðsla	1920	1957	greinanleg	hætta	framkvæmda	743449	491391
2982-008	Stöðvarfjörður		matjurtagarður	hleðsla	1900	1957	vel greinanleg	hætta	framkvæmda	743414	491364
2982-009	Stöðvarfjörður		matjurtagarður	hleðsla	1900	1957	greinanleg	hætta	framkvæmda	743006	491455
2982-010	Stöðvarfjörður		vindmylla	steinsteypa	1920	1957	vel greinanleg	hætta	framkvæmda	742971	491469
2982-011	Stöðvarfjörður		kartöflukofi	tóft	1900	1970	vel greinanleg	hætta	framkvæmda	742959	491507
2982-012	Stöðvarfjörður		fjós, hlaða	steinsteypa, hleðsla	1923	1970	vel greinanleg	hætta	framkvæmda	743005	491537
2982-013	Stöðvarfjörður		fjárhús	tóft	1800	1950	vel greinanleg	hætta	framkvæmda	743262	491557
2982-014	Stöðvarfjörður		fjárhús	steinsteypa, hleðsla	1900	1950	vel greinanleg	hætta	framkvæmda	743536	491484
2982-015	Stöðvarfjörður		matjurtagarður	heðsla	1900	1957	greinanleg	hætta	framkvæmda	743521	491428
2982-016	Stöðvarfjörður		matjurtagarður	hleðsla	1900	1957	illgreinanleg	hætta	framkvæmda	743478	491476
2982-018	Stöðvarfjörður		leið	gata	1900	2023	greinanleg	hætta	framkvæmda	743030	491450
2982-019	Stöðvarfjörður		matjurtagarður	niðurgroftur	1920	1960	greinanleg	hætta	framkvæmda	742953	491494
Hornar minjar með hnitum											
2982-002	Stöðvarfjörður		óþekkt	heimild	1920	1957	horfin			743327	491302
2982-004	Stöðvarfjörður	Bakkagerði	híbyli	heimild	1700	1970	horfin			743096	491285
2982-020	Stöðvarfjörður	Heygarðshóll	grafreitir?	heimild	1000	1500	horfin			743167	491489
2982-017	Stöðvarfjörður	Grund	híbyli	heimild	1890	1970	horfin			743428	491414
2982-021	Stöðvarfjörður		matjurtagarður	heimild	1920	1950	horfin			743372	491510
2982-022	Stöðvarfjörður		hesthús	heimild	1890	1950	horfin			743389	491432
2982-023	Stöðvarfjörður		óþekkt, útihús	heimild	1890	1950	horfin			743435	491432
2982-024	Stöðvarfjörður		óþekkt, útihús	heimild	1920	1957	horfin			743449	491403
2982-025	Stöðvarfjörður		óþekkt, útihús	heimild	1920	1957	horfin			743472	491455
2982-026	Stöðvarfjörður		óþekkt, útihús	heimild	1920	1957	horfin			743466	491452
2982-027	Stöðvarfjörður		óþekkt, útihús	heimild	1920	1957	horfin			743459	491457
2982-028	Stöðvarfjörður		óþekkt, útihús	heimild	1920	1957	horfin			743394	491452
2982-029	Stöðvarfjörður	Einarsstaðir	híbyli	heimild	1700	1950	horfin			743298	491324
2982-030	Stöðvarfjörður		fjós, hlaða	heimild	1920	1950	horfin			743306	491336
2982-031	Stöðvarfjörður		óþekkt	heimild	1920	1957	horfin			743503	491451
2982-032	Stöðvarfjörður		fjárhús	heimild	1920	1970	horfin			743357	491428
2982-033	Stöðvarfjörður		matjurgarður, úti	heimild	1920	1957	horfin			743207	491494
2982-034	Stöðvarfjörður		matjurtagarður	heimild	1920	1957	horfin			743160	491516
2982-035	Stöðvarfjörður		óþekkt	heimild	1920	1970	horfin			743280	491521
2982-036	Stöðvarfjörður		útihús	heimild	1930	1970	horfin			743061	491472
2982-037	Stöðvarfjörður		óþekkt, útihús	heimild	1920	1957	horfin			743059	491508
2982-038	Stöðvarfjörður		fjárhús, hlaða	heimild	1930	1957	horfin			743131	491499

Tafla 2
Stöðvarfjörður - hnitaskrá

Númer	Svæði	Sérheit		Hlutverk	Aldur frá	Aldur_til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
Hornar minjar með hnitum, frh.											
2982-039	Stöðvarfjörður		kofi	heimild	1920	1957	horfin			743371	491466
2982-040	Stöðvarfjörður		sumarfjós	heimild	1920	1957	horfin			743283	491454
2982-041	Stöðvarfjörður		skurður	heimild	1920	1957	horfin			743179	491327
2982-042	Stöðvarfjörður	Borg	híðýli	heimild	1920	1957	horfin			743353	491341
2982-043	Stöðvarfjörður		óþekkt, útihús	heimild	1920	1957	horfin			743294	491332